

Alþingi
Erindi nr. P 131/448
komudagur 6. 12. 2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2004

0411116SA PS/sp
Tilv.:389

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um náttúruvernd, 184. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd



Umsögn

Málsnr.: 0411116SA

Dags.: 6. desember 2004

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 389

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum (eldri námur), sbr. 184. mál 131. löggjafarþings

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst ekki gegn meginefni frumvarpsins. Hins vegar vekur sambandið athygli á að hjálagað fylgir afrit samkomulags félagsmálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum, dags. 30. júní 2004. Afrit af fylgiskjali með samkomulaginu fylgir einnig.

Samkvæmt samkomulaginu annast viðkomandi ráðuneyti kostnaðarmat á lagafrumvörpum og reglugerðardrögum sem samin eru á þess vegum. Skal kostnaður metinn með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaganna.

Kostnaðarmat samkvæmt samkomulaginu hefur ekki farið fram vegna þessa frumvarps. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að afgreiðslu þess verði frestað á Alþingi þar til kostnaðarmat hefur farið fram.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 1.

**Reglur
um mat á fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðadruga á sveitarfélög**

1. gr.

Stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin skulu metin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag þeirra.

2. gr.

Viðkomandi ráðuneyti annast mat á lagafrumvörpum og reglugerðardrögum sem samin eru á vegum þess samkvæmt reglum þessum. Fara skal fram á að með tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á lögum og reglugerðum fylgi mat þess á fjárhagsáhrifum.

3. gr.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal gefinn kostur á að veita umsögn um mat ráðuneytis á reglugerðardrögum á undirbúningsstigi þeirra. Miðað er við að kostnaðarmat lagafrumvarpa verði sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar eftir að þau hafa verið lögð fram á Alþingi.

4. gr.

Í lok hvers árs skal hvert ráðuneyti taka saman aðgengilegt yfirlit um niðurstöðutölur mats á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðadruga á fjárhags sveitarfélaga.

Samkomulag
um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra
stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

Félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með eftirfarandi samkomulag um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem hafa í för með sér kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin. Um er að ræða endurnýjun á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002 um reynsluverkefni um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

Aðilar eru sammála um að stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem undirbúin eru í félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og umhverfissráðuneyti og einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin verði kostnaðarmetinn með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga.


Samkomulagið gildir frá og með 1. júlí 2004 til 30. júní 2006.

Framkvæmd kostnaðarmatsins skal vera í samræmi við reglur í fylgiskjali 1 en aðilar eru sammála um að þær verði teknar til endurskoðunar á samningstímanum.


Reykjavík, 30. júní 2004




Árni Magnússon
félagsmálaráðherra




Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga



Sív Friðleifsdóttir
umhverfissráðherra

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	0406010 SA
Móttekið dags.	19. ÁGÚ. 2004
Bréfalykils nr.	008